

Skólaráðsfundur, 10. febrúar 2022

Fjarfundur á Teams, hófst kl. 8:15

Mættir: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Sif Garðarsdóttir og Sigrún Eyþórsdóttir fulltrúar kennara, Iðunn Haraldsdóttir fulltrúi starfsmanna, Eva Sjöfn Helgadóttir og Aðalsteinn Möller fulltrúar foreldra, Örn Guðmundsson fulltrúi grenndarsamfélags, Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri og ritar fundinn.

1. Skóladagatal 2022 – 2023

Skóladagatal næsta skólaárs borið undir fundinn. Fyrirvari um að breyting verði gerð á foreldraviðtalsdegi sem er áætlaður í febrúar á þann veg að hann verði tekinn út af dagatali og hafður „fljótandi“, þ.e. kennarar dreifa viðtölum á kennsludaga og skólaárið styttest þá um einn dag.

Engar athugasemdir og skóladagatalið samþykkt fyrir hönd skólaráðs.

2. Samræmd könnunarpróf í mars

Ekki hefur tekist að fá svör frá hvorki Menntamálastofnun né menntamálaráðuneyti um hvort að samræmd könnunarpróf verði lögð fyrir nemendur þetta skólaár. Í skólanum er ekki gert ráð fyrir að þau verði lögð fyrir þetta skólaár, en beðið er upplýsinga og staðfestingar frá Menntamálastofnun/menntamálaráðuneyti.

3. Reykjaferð 7. bekkjar

Sótt var um vikudvöl fyrir nemendur í 7. bekk á Reykjum í vetur, en óvissa ríkir með opnun og áframhaldandi rekstur skólabúðanna og Kársnesskóli hefur enn ekki fengið staðfestingu á dvöl. Bekkjarfulltrúar hafa þegar skipulagt ferð í Vindáshlíð með vorinu, tveggja náttu ferð og kennarar fylgja nemendum í ferðina.

Fyrirspurn frá fulltrúa foreldra: Kársnesskóli komst ekki á síðasta skólaári vegna hópastærðar og í ár eru allir skólar í Kópavogi að fara nema Kársnesskóli, hvort búið er að bera upp við þá á Reykjum að Kársnesskóli fái að komast að í ár fyrst þeir komust ekki á síðasta skólaári. Það hefur ekki verið gert, skólastjóri hefur verið í miklum samskiptum við forstöðumann á Reykjum en ekki haft erindi sem erfiði með að tryggja dvöl nemenda í Kársnesskóla þetta skólaár.

4. Vorhátíð og góðgerðardagur

Er á áætlun skv. skóladagatali og vonir bundnar við það að foreldrafélagið taki þátt líkt og fyrri ár. Fulltrúi grenndarsamfélags lýsti áhuga á að foreldrafélagið kæmi bæði að vorhátíð og Góðgerðardegi.

5. Íþróttakennsla

Íþróttakennari (leiðbeinandi) hefur verið ráðinn til starfa út skólaárið og íþróttakennsla komin í eðlilegt horf eftir nokkurra vikna forfallakennslu.

6. Nýbygging

Byrja á að reisa einingar við nýbyggingu í vikunni. Búið er að steypa sökkla í áfanga a, b1 og b2. Verkið er enn á áætlun samkvæmt upplýsingum skólustjóra. Einn meðlimur ráðsins lýsti áhuga á hvort hægt væri að taka „time laps“ myndir af skólanum þegar KLT einingarnar rísa. Það verður skoðað.

7. Önnur mál

Frá fulltrúa grenndarsamfélags; hvernig er staðan á starfsmannahópnum varðandi veikindi og forföll, hvernig hefur til tekist að halda uppi skólustarfi? Róðurinn hefur verið þungur en stjórnendum hefur tekist vel að manna forföll og allir starfsmenn hlaupa undir, kennarar taka mikla forfallakennslu og samtakamátturinn einkennir starfsmannahópin og þeir eiga þakkir skildar fyrir að hlaupa í skarðið og bæta við sig mikilli vinnu. Fulltrúi grenndarsamfélags segist ekki hafa orðið var við mikil áhrif á skólustarf og þakkar og hrósar starfsfólki fyrir að halda uppi óslitnu skólustarfi.

Frá fulltrúa foreldra; er hægt að skipuleggja skíðaferð fyrir nemendur á elsta stigi, dagsferð í Bláfjöll og skipuleggja þá annað starf fyrir þá sem ekki vilja fara í ferðina? Skólinn er tilbúinn að fara í samstarf við foreldrafélagið með ferð sem þessa.

Frá fulltrúa foreldra; eru ekki farnar ferðir á skólatíma s.s. skautuferðir og aðrar ferðir sem kosta nemendur/foreldra? Þeim hefur fækkað mjög en eru enn farnar og þá skipulagðar í samstarfi við bekkjarfulltrúa (foreldra).

Frá fulltrúar foreldra; þurfa nemendur að skrá sig sérstaklega ef þeir óska eftir að fá grænmetisrétti? Skilaboðin hafa verið misvísandi varðandi skráningar og það þarf að skoða það og koma skýrum upplýsingum á framfæri. Úttekt verður gerð á mötuneytum grunnskóla í Kópavogi núna í mars. Í kjölfarið af því verður farið í endurskoðun og ferlar skýrðir.

Frá fulltrúa foreldra; þegar C19 lýkur, verða breytingar á niðurröðun nemenda í matsal, t.d. er einn árgangur sem borðar hádegismat í kennslustofunum, verður það áfram þannig? Búið er að ákveða að halda óbreyttu skipulagi út skólaárið. Engin hólfaskipting lengur í matsal og einn árgangur borðar úti í kennslustofum.

Umræða um hljóðvist í matsal; eru tjöldin milli efri og neðri matsala dregin fyrir í matartíma? Já, en það munar ekki svo miklu um það. Salirnir, efri og neðri, eru ekki byggðir með þennan nemendafjölda í huga og ekki heldur sem matsalur og því er hljóðvistin ekki ákjósanleg í því samhengi. Allir meðvitaðir um vandann og reynt hefur verið eftir bestu getu að bregðast við hljóðvistarvanda. Þegar nýr skóli opnar fækkar mjög í matsal og þá minnkar væntanlega ókyrrð og hávaði í matsal.

Fundi slitið kl. 8.50.